

REGLUR

um sumardvalarheimili barna og sumarþúðir.

1. gr.

Sumardvalarheimili telst hvert það heimili, sem tekur 5 börn eða fleiri til sumardvalar. Börn starfsfólks við sumardvalarheimili teljast með sumardvalarbörnum, enda búi þau ekki í sérþúð.

Sumardvalarheimili skulu haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við þarfir sumardvalarbarna og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og uppeldi hvers og eins.

Menntamálaráðuneytið veitir heimild til stofnunar og rekstrar sumardvalarheimilis að fengnum meðmælum Barnaverndarráðs Íslands.

Sama gildir um stofnun og rekstur svonefndra sumarþúða, að því leyti sem við á, en aðalmunur á þeim og sumardvalarheimilum er sá, að þær eru venjulega reknar fyrir fleiri börn, sem skipt er í flokka og um skemmri tíma t. d. 1-2 vikur fyrir hvern flokk.

2. gr.

Umsóknir um heimild til að reka sumardvalarheimili eða sumarþúðir skulu sendar Barnaverndarráði Íslands á þar til gerðu eyðublaði fyrir 15. apríl ár hvert. Barnaverndarráð auglýsir eftir umsóknum og skal umsóknarfrestur eigi vera skemmri en einn mánuður.

Í umsókn skal greina:

1. Nafn, heimilisfang og starf/menntun umsækjanda.
2. Tímabil sem sumardvalarheimili/sumarþúðir munu starfa.
3. Dvalartíma barna.
4. Aldur dvalarbarna.
5. Lýsingu á íppeldisstarfi og þeim viðfangsefnum sem börnunum er ætluð.

3. gr.

Umsókn skal fylgja:

1. Greinargóð umsögn barnaverndarnefndar um heimilið, þar sem fram komi skýrt álit hennar á hæfni og aðstæðum heimilisins til þess að taka börn til sumardvalar.
2. Heilbrigðisvottorð heimilisfólks.
3. Vottorð slökkviliðsstjóra í viðkomandi sveitarfélagi um að brunavarnir séu í lagi.
4. Umsögn (héraðs)læknis eða heilbrigðisfulltrúa um:
 - a) húsakynni, upphitun, fjölda hreinlætistækja, almennt hreinlæti, húsrými, m. a. til innileikja, þegar veður hamlar útivist, og annað í því sambandi, sem að dómi þeirra skiptir máli,

- b) slysaþættu,
 - c) hæfilegan fjölda barna miðað við gildandi reglur,
 - d) aðra starfsemi á staðnum.
5. Sakavottorð umsækjanda ef sótt er um í fyrsta sinni.
Leyfi til rekstrar heimila gilda til eins árs í senn. Heimilt er að veita leyfi til lengri tíma, allt að tveimur árum, mæli Barnaverndarráð með því.

4. gr.

Húsakynni skulu fullnægja eftirfarandi lágmarksskilyrðum:

- a) drengir og stúlkur skulu vera sér um svefnherbergi. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en sex börn í svefnherbergi,
- b) hvert barn skal sofa í sér rúmi. Börn mega ekki sofa í svefnpokum ef dvalartími er lengri en hálfur mánuður. Ávallt séu þá í þeim hrein ver,
- c) börn mega ekki sofa í svefnherbergjum heimilisfólks, nema börn starfsfólks hjá foreldrum sínum,
- d) í svefnherbergjum mega ekki vera háarúm nema hæð herbergisins sé 2,50 m eða meira, og þá því aðeins, að minnst 1,80 m fjarlægð (gólflötur) sé á milli rúmstokka. Aldrei má vera nema eitt háarúm yfir hverju rúmi. Þar sem ekki eru háarúm, skulu vera minnst 0,90 m á milli rúmstokka,
- e) ekki má sofa í borðstofu eða öðrum herbergjum, sem börn eða starfsfólk (heimilisfólk) notar sameiginlega,
- f) börn skulu hafa aðgang að baði og vatnssalerni. Eitt vatnssalerni skal að jafnaði vera fyrir hver tíu börn og hæfilegur fjöldi baða miðað við fjölda barna og lengd dvalartíma.

5. gr.

Eigi er heimilt að taka yngri börn en 6 ára til dvalar á sumardvalarheimili eða í sumarbúðir. Þó er heimilt að taka yngri börn, ef sérstakar aðstæður barns mæla með því, að fengnu samþykki Barnaverndarráðs, enda séu þá gerðar auknar kröfur með tilliti til fjölda starfsfólks og sérþekkingar þess í meðferð ungra barna.

Séu börn á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum 20 eða fleiri, skulu starfsmenn með uppeldismenntun, einn eða fleiri, eftir ákvörðun Barnaverndarráðs hverju sinni, starfa á heimilinu.

6. gr.

Ekki má hefja starfrækslu sumardvalarheimilis og sumarbúða, nema leyfisbréf fyrir starfrækslunni og heilbrigðisvottorð heimilis- og starfsfólks séu fyrir hendi.

Forstöðumaður skal og krefjast heilbrigðisvottorðs með hverju barni, sem tekið er til sumardvalar.

Ef heilbrigðisvottorð fylgir ekki barni, skal umsvifalaust fá (héraðs)lækni til að athuga heilbrigði þess.

Ávallt skal leyfisbréf og læknisvottorð vera til staðar, svo að eftirlitsmenn geti séð þau án tafar.

7. gr.

Barnaverndarnefndum ber að veita forstöðufólki sumardvalarheimila og sumarbúða upplýsingar og leiðbeiningar eins og við verður komið. Þær skulu fylgjast rækilega með rekstri slíkra heimila í umdæmi þeirra og koma á þau minnst tvisvar á sumri og oftár, ef þörf gerist. Ár hvert skal barnaverndarnefnd senda Barnaverndarráði Íslands yfirlit yfir fjölda

sumardvalarheimila og sumarbúða í umdæmi sínu, ásamt skýrslu um fjölda heimsóknna nefndarinnar og umsögn um andlegan, líkamlegan og félagslegan aðbúnað og líðan barnanna.

Ef svo alvarlegar misfellur koma fram í rekstri sumardvalarheimilis/sumarbúðar, að nefndinni þyki orka tvímælis, hvort rétt sé, að það starfi áfram, skal hún tafarlaust gera Barnaverndarráði Íslands viðvart. Jafnframt ber barnaverndarnefndum að fylgjast með því hvort sumardvalarheimili eða sumarbúðir kunni að vera rekin innan þeirra umdæmis án tilskilinna leyfa. Ber barnaverndarnefnd að tilkynna Barnaverndarráði um slík heimili án tafar.

8. gr.

Í lok rekstrartímabils slíkra heimila, skal forstöðumaður senda hlutaðeigandi barnaverndarnefnd og Barnaverndarráði Íslands skýrslu um reksturinn. Skulu þar tekin fram nöfn, aldur, menntun og heimili forstöðufólks og starfsfólks, svo og heildarfjöldi barna, aldur þeirra og dvalartími. Þá skulu tilgreind dvalargjöld.

9. gr.

Í umsjá hvers starfsmanns skulu ekki vera fleiri en 6 börn. Sé starfsmaður 15 ára skulu honum ekki ætluð fleiri en 4 börn og þá undir eftirliti fullorðins starfsmanns.

10. gr.

Sumardvalarbörn skulu vera undir eftirliti úti og inni. Forstöðufólk ber ábyrgð á börnunum frá því heimilið tekur við þeim af foreldrum og þar til þau eru komin í umsjá foreldra sinna að nýju.

Annist forstöðumaður flutning barna að heimilinu eða frá, skal hann sjá um að gætt sé fyllsta öryggis við flutninginn og aðbúð barnanna við flutninginn sé sem best.

11. gr.

Fulltrúi frá Barnaverndarráði Íslands skal heimsækja sumardvalarheimili og sumarbúðir, sem fengið hafa starfsleyfi til leiðbeiningar og eftirlits eins oft og þurfa þykir.

Skal hann kynna sér allan aðbúnað barna á heimilunum og að fylgt sé í öllu ákvæðum laga og reglna um sumardvalarheimili/sumarbúðir. Forstöðufólki er skylt að afhenda eftirlitsmanni Barnaverndarráðs skrá yfir fjölda þáverandi starfsfólks, aldur þess, menntun og heimili. Eftirlitsmenn skulu skila skriflegri umsögn um athuganir sínar á heimilunum til Barnaverndarráðs.

12. gr.

Brot á framanskráðum reglum geta valdið leyfissviptingu.

Nú verður uppvíst um starfrækslu sumardvalarheimilis/sumarbúða án tilskilinna rekstrarleyfa og er þá Barnaverndarráði rétt að snúa sér til lögregluþyrvalda og krefjast lokunar.

13. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til laga nr. 53/1966 og reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 94/1973.

Menntamálaráðuneytið, 11. mars 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson